

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 23. nóvember 2023

Mál nr. E-602/2023:

Sævar Ingi Borgarsson

(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)

gegn

Þjón-um ehf.

(Jón Þór Ólason lögmaður)

Dómur:

Mál þetta, sem var höfðað með stefnu 23. febrúar 2023 og framhaldsstefnu 5. maí sama ár, var dómtekið 31. október 2023 að lokinni aðalmeðferð. Stefnandi er Sævar Ingi Borgarsson, kt. 000000-0000, en stefndi er Þjón-ar ehf., kt. 000000-0000.

Dómkröfur stefnenda eru samkvæmt stefnu og framhaldsstefnu þær að stefnda verði gert að greiða stefnanda 6.000.000 króna auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2011 af 1.000.000 króna frá 1. desember 2022 til 31. desember 2022, af 2.000.000 króna frá 1. janúar 2023 til 31. janúar 2023, af 3.000.000 króna frá 1. febrúar 2023 til 28. febrúar 2023, af 4.000.000 króna frá 1. mars 2023 til 31. mars 2023 af 5.000.000 króna frá 1. apríl 2023 til 30. apríl 2023 og af 6.000.000 króna frá 1. maí 2023 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefna var þingfest 1. mars 2023 en með henni gerði stefnandi kröfu um greiðslu á samtals 3.000.000 króna þar sem 1.000.000 hafi gjaldfallið mánaðarlega í desember 2022 og janúar og febrúar 2023. Framhaldsstefna var þingfest 10. maí 2023 en með henni gerði stefnandi kröfu um greiðslu á samtals 3.000.000 króna þar sem 1.000.000 hafi gjaldfallið mánaðarlega í mars, apríl og maí 2023. Málin voru sameinuð.

Í stefnu er kennitala stefnda ranglega sögð vera 000000-0000 en hún er 000000-0000. Stefndi hefur ekki gert athugasemd vegna þessa og hefur þetta atriði því ekki þýðingu við úrlausn málsins.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu stefnandi Sævar Ingi Borgarsson, stjórnarformaður stefnda Þröstur Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri stefnda Ari Elíasson og vitnið Unnar Steinn Bjarndal.

I

Málavextir.

Samkvæmt kaupsamningi dags. 15. júlí 2022 keypti stefndi allt hlutafé í einkahlutafélaginu SF0707 af stefnanda að nafnvirði 500.000 krónur. Fram kemur að félagið hafi verið stofnað í júlí 2022 í þeim tilgangi að halda utan um vörumerkið Superform og öll réttindi sem tengjast starfrækslu á Superform æfingatímum. Kaupverðið var 24.000.000 króna og skyldi það greitt með 24 mánaðarlegum jöfnum greiðslum og í fyrsta skipti 1. ágúst 2022 og síðan mánaðarlega eftir það. Hið selda var afhent stefnda við undirritun kaupsamningsins.

Sama dag og kaupsamningurinn um hlutaféð var gerður hafði SF0707 ehf. keypt af stefnanda og Betra formi ehf. vörumerkið SUPER FORM, orð- og myndmerki sem skráð hafði verið hjá Hugverkastofunni 31. maí 2018. Með í kaupunum fylgdi lénið www.superform.is og allt efni sem hýst var á vefslóðinni. Einnig fylgdi réttur til notkunar á skráningarhugbúnaði sem notendur Superform höfðu notast við og hafði verið hannaður fyrir Superform en var ekki í eigu seljanda þ.e. stefnanda og Betra forms ehf. Loks fylgdi með í kaupunum viðskiptasamningar Superforms, viðskiptavild, samningar við verktaka, æfingar, æfingakerfi, skráningar og skipulagsskjöl vegna uppröðunar á æfingum og þjálfurum sem og öll önnur réttindi sem tengdust starfrækslu á æfingatímum undir merkjum Superforms.

Með kaupum stefnda á hlutafénu í SF0707 ehf. fylgdi kaupsamningurinn um vörumerkið og það sem því fylgdi. Í kaupsamningnum um hlutaféð segir að enginn fyrirvari væri á greiðslu kaupverðs og skyldi það innt af hendi óháð ástandi hins selda. Þá kemur fram að stefndi yfirtaki öll réttindi og skyldur í félaginu, allar kröfur þ.m.t. viðskiptakröfur og eignir félagsins nema þær væru sérstaklega undanskildar í samningnum.

Í kaupsamningnum um hlutaféð eru tiltekin atriði sem eru ákvörðunarástæður fyrir honum sem og sérstakir skilmálar stefnanda og stefnda. Þar kemur m.a. fram að þeir skulu gæta hagsmuna hvors annars og vörumerkja og annarra réttinda og tala jákvætt um viðskiptin og tala saman upp tækifæri og gæði Superforms og Sporthússins. Hvorugum aðilanna væri leyfilegt að tjá sig opinberlega um atvik sem leiddu til þess að stefnandi vék til hliðar, sem forsvarsmáður Superforms, nema að höfðu samráði við hinn aðilann. Þá lýsti stefnandi því yfir að hann myndi ekki starfrækja líkamsræktarstöð, æfingastöð eða koma með öðrum hætti að rekstri á slíkri aðstöðu á Suðurnesjum í 36 mánuði nema með samþykki stefnda. Þá kemur fram að stefnandi sé sjálfstætt starfandi osteópati og hafi starfrækt meðhöndlun um árabil. Hann hafi leyfi til að starfrækja meðhöndlun/osteopapistofu í húsakynnum Sporthússins ef hann óski þess enda náist samningar um kaup, kjör og önnur réttindi.

Forsvarsmenn Sporthússins gáfu út yfirlýsingu 8. júlí 2022 um að fyrsta sama mánaðar hafi orðið atvik í æfingatíma Superform sem sé harmað. Málið hafi verið tekið föstum tókum, rætt við hlutaðeigandi og viðkomandi beðinn afsökunar. Í samfélagi Sporthússins og Superform sé sú krafa gerð til þjálfara, annarra starfsmanna og iðkenda að háttvísi sé í hávegum höfð í öllum samskiptum. Vilji standi til þess að allir sem taki þátt í starfinu líði vel og upplifi sig örugga. Þá segir að frá og með þeim degi taki Sporthúsið yfir rekstur og starfsemi Superform og það sé gert í góðu samkomulagi við fráfarandi forsvarsmann fyrirtækisins Sævar Inga Borgarsson. Við þetta verði ekki miklar breytingar á æfingum og þess háttar enda sé það markmið allra að byggja áfram ofan á þann vandaða grunn sem hefur verið lagður í Superform. Þá er Sævari þakkað kærlega fyrir hans góða og óeigingjarna starf í þágu Superforms. Það séu margir sem eigi honum mikið að þakka og það sé alveg ljóst að hann hafi átt stóran þátt í að færa líf og heilsu margra iðkenda til betri vegar. Er Sævari óskað velfarnaðar í nýjum verkefnum.

Stefnandi sendi einnig frá sér yfirlýsingu 8. júlí 2022 þar sem fram kemur að hann hafi sagt skilið við Superform og Sporthúsið taki yfir starfsemina. Þetta verkefni hafi átt hug hans allan í mörg ár og tekist hafi með aðstoð samstarfsmanna að byggja upp vandað æfingakerfi og æfingaaðstöðu í hæsta gæðaflokki. Hann telji sig skila af sér góðu búi. Þá kemur fram að atvik hafi orðið í síðustu viku sem hann biðjist innilegrar afsökunar á. Það hafi enginn slæmur ásetningur verið af hans hálfu og hann hafi ekki ætlað að niðurlægja eða meiða einn eða neinn. Hann sjái mikið eftir þessu atviki. Þá segir að stefnandi hafi um nokkra hríð verið komið með hugann að öðrum verkefnum og það vanti áhuga og neista til að halda áfram og gera enn betur. Hann sé afar þakklátur fyrir það tækifæri sem Sporthúsið hafi gefið honum og hann viti að Superform verði í öruggum höndum Sporthússins og þjálfara Superform en hann muni snúa sér að öðrum verkefnum. Stefnandi þakkar síðan forsvarsmönnum Sporthússins fyrir frábært samstarf.

Með bréfi lögmanns stefnanda dags. 14. nóvember 2022 til Sportvalla ehf. (Sporthússins) er vakin athygli á því að 7. júlí 2022 hafi honum verið settir afarkostir á fundi eiganda Sporthússins í kjölfar atviks sem hafi átt að hafa gerst í hóptíma hjá stefnanda 1. sama mánaðar í Sporthúsinu þar sem hann hafi starfað. Stefnandi hafi starfað í Sporthúsinu og byggt upp líkamsræktarnámskeið undir vörumerkinu Superform. Á fundinum hafi stefnandi verið gefnir tveir kostir þ.e. að vera rekinn eða hann framseldi rekstur sinn til Sporthússins. Stefnandi hafi metið það svo að hann væri nauðbeygður til að selja reksturinn annars yrði gert út af við hann og honum valdið tjóni. Stefnandi hafi því verið þvingaður til að selja fyrirtæki sitt til Sporthússins fyrir fjárhæð sem stefnandi hafi ekki verið í aðstöðu til að semja um.

Samkvæmt bréfi lögmannsins hafi birst frétt í fjölmiðlum daginn eftir nefndan fund um að stefnandi hafi átt að hafa slegið konu, við æfingar í Sporthúsinu, í andlitið og ausið yfir hana svívirðingum sem ekki sé rétt. Í fréttinni hafi einnig komið fram að

Sporthúsið hafi yfirtekið starfsemi Superform. Starfsemi stefnanda sem Sporthúsið hafi yfirtekið nokkru seinna hafi verið lífsviðurværi stefnanda sem hann hafi byggt upp undanfarin áratug. Sporthúsið hafi þvingað stefnanda til að selja lífsviðurværi sitt og sakað hann um háttsemi sem hann hafi ekki gerst sekur um. Þá hafi stefnanda verið gert óheimilt að starfa við þjálfun á Suðurnesjum í þrjú ár.

Í bréfi lögmannsins eru síðan rakin ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Tekið er fram að samkvæmt lögnum beri atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Þá skuli atvinnurekandi samkvæmt reglugerðinni bregðast við eins fljótt og kostur er þegar honum berist kvörtun eða ábending um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi á vinnustað sem og verði hann var við slíka hegðun. Fyrirsvarsmenn Sporthússins hafi talið að ofbeldi hafi átt sér stað á vinnustaðnum og að stefnandi hafi gerst sekur um mjög alvarlega háttsemi. Því hafi Sporthúsinu verið skylt að virkja áætlun sína, sem fyrirtækinu hafi verði skylt að útbúa, samkvæmt nefndum lögum og reglugerð. Lögmaðurinn óskar síðan eftir því að Sporthúsið láti stefnanda í té áætlun Sporthússins um öryggi og heilsuvernd samkvæmt lögnum og reglugerðinni þannig að hann geti gengið úr skugga um hvort farið hafi verið eftir henni varðandi umrætt atvik. Þá er einnig óskað upplýsinga um hvort Sporthúsið telji sig hafa farið eftir ákvæðum reglugerðar nr. 1009/2015. Loks tekur lögmaðurinn fram að áður en stefnandi taki ákvörðun um hvort hann krefji Sporthúsið og eftir atvikum forsvarsmenn þess persónulega um skaðabætur vegna þess sem virðist stórfellt brot gegn réttindum stefnanda samkvæmt lögum og reglugerðinni vilji hann gefa Sporthúsinu tækifæri til að afhenda fyrrnefnda áætlun og upplýsa hvort það telji að farið hafi verið eftir reglugerðinni. Þá var þess loks óskað að upplýst yrði með hvaða hætti gengið hafi verið úr skugga um hvort stefnandi hefði gerst sekur um þá háttsemi sem Sporthúsið hafi upplýst opinberlega um á Facebook.

Lögmaður stefnda svaraði fyrrgreindu bréfi lögmanns stefnanda með tölvupósti 1. desember 2022. Þar segir að í bréfi lögmanns stefnanda komi fram ýmsar fullyrðingar sem væru í engu samræmi við sannleikann. Það sé m.a. rangt að stefnandi hafi verið nauðbeygður til að selja rekstur sinn sem hann hafi rekið undir vörumerkinu Superform. Þá er því mótmælt að Sporthúsið hafi nýtt sér aðstæður í málinu með ólögumætum hætti til að afla sér ávinnings sem gæti farið í bága við III. kafla laga nr. 7/1936 t.d. um nauðung og misneytingu eins og vikið hafi verið að í bréfi lögmanns stefnanda. Tekið er fram að samningar stefnda og stefnanda um kaup á hlutafénu, vörumerki o.fl. hafi verið hagfelldir stefnanda. En þar sem hann telji að samningar aðila hafi verið fengnir fram með nauðung og misneytingu, sem sé þó fjarri sanni, sé auðsýnt að ekki sé ágreiningur um það með aðilum að samningar þessir eigi að ganga til baka. Reyndar líti stefndi svo á að stefnandi

hafi vanefnt samning aðila með svo alvarlegum hætti að stefndi eigi skýran rétt til riftunar. Í ljósi afstöðu stefnanda ætti að vera auðfengið að rifta samningi aðila enda liggi fyrir að báðir aðilar telji á sér brotið. Af þeim sökum muni stefndi ekki inna af hendi greiðslu 1. desember 2022 samkvæmt samningi aðila enda ljóst að stefnandi telji að brotið hafi verið á rétti hans. Reyndar hafni stefndi því og telji að stefnandi hafi brotið gegn samningi aðila. Forsendubrestur sé því alger og stefndi hafi byrjað vinnu við að afmá allt sem tengist vörumerkinu Superform og hann sé reiðubúinn til að skila aftur hlutum í SF0707 ehf. enda sé ljóst að báðir aðilar séu sammála um að losna úr samningssambandinu. Hafi staðfesting stefnanda ekki borist fyrir 5. desember 2022 muni stefndi senda formlega riftunaryfirlýsingu en stefnandi hljóti að fagna slíkri yfirlýsingu enda haldi hann því fram að hann hafi verið þvingaður með ólögumætum hætti til að afsala sér þeim réttindum sem málið hverfist um. Í raun sé bréf lögmanns stefnanda ekkert annað en riftunaryfirlýsing. Því væntir stefndi þess að fá staðfestingu frá stefnanda um að samningssamband aðila sé niðurfalið enda virðist samhljómur með aðilum um að forsendur séu brostnar fyrir samningi aðila.

Lögmaður stefnanda sendi tölvupóst 2. desember 2022 þar sem því er mótmælt að fyrrgreint bréf lögmannsins frá 14. nóvember sama ár sé riftunaryfirlýsing. Í bréfinu hafi ekki verið lýst yfir riftun en fundið verulega að því hvernig staðið hafi verið að samningsgerðinni. Hins vegar hefði mögulega verið lýst yfir riftun ef stefndi hefði ekki búið svo um hnúta í málinu að útilokað væri að stefnandi gæti snúið aftur eða komið nálægt vörumerkinu Superform. Með bréfinu hafi verði gerð tilraun til að fá upplýsingar um atvik málsins sem stefnanda hafi ekki verið kunnugt um m.a. hvernig ofangreind reglugerð hafi verið virt. Verið sé að reyna að komast til botns í atvikum. Þá er það áréttað að samningssamband aðila sé ekki niðurfalið og vakin athygli á því að stefnandi hafi ekki fengið greiðslur samkvæmt samningi aðila og því verði þær innheimtar, eftir atvikum með atbeina dómstóla, og því megi líta á bréfið sem innheimtuaðvörun í skilningi laga vegna greiðslu sem hafi verið á gjalddaga 1. desember 2022.

Stjórnarformaður stefnda birti yfirlýsingu 2. janúar 2023 þar sem fram kemur að upp sé kominn alvarlegur ágreiningur við fyrri rekstraraðila Superform. Því sé talið best fyrir starfsemina að hætta notkun vörumerkisins Superform þannig að starfsfólk Sporthússins geti beint orku sinni í jákvæðar áttir. Ákveðið hafi verið að nýtt nafn verði SportHiit sem hafi beina tengingu við aðal vörumerki Sporthússins en seinni hluti nafnsins Hiit lýsi mjög vel þeim áherslum sem verið hafi í dagskránni hjá þeim að undanfögnu.

Meðal gagna málsins er bréf lögmanns stefnda dags. 22. febrúar 2023 og efni þess er yfirlýsing um riftun að hluta á kaupsamningi frá júlí 2022. Þar kemur fram að lögmanninum hafi verið falið að gæta hagsmuna stefnda vegna verulegra vanefnda stefnanda á kaupsamningi um SF0707 ehf. frá júlí 2022. Stefndi telji að vanefnd

stefnanda á samningsskyldum hans sé svo veruleg að stefndi sé knúinn til að lýsa yfir riftun á kaupsamningi aðila og þá sé samningurinn ógildur vegna brostinna forsendna. Þá kemur fram í bréfinu að framganga stefnanda, illt umtal og ásakanir hans hafi gert það að verkum að stefndi geti ekki lengur notast við vörumerkið Superform. Þá vísar stefndi til þess að í sérstökum skilmálum aðila komi fram að þeir lýsi því yfir að þeir skuli gæta hagsmuna hvors annars, vörumerkja, annarra réttinda og tala jákvætt um viðskiptin sem og að tala saman upp tækifæri og gæði Superforms og Sporthússins. Þessa skilmála hafi stefnandi brotið með grófum hætti og því sé sýnt að um verulegan forsendubrest sé að ræða og leiði það til ógildingar samnings. Þá hafi stefnandi enn fremur brotið gegn fjölda meginreglna samninga- og kröfuréttar. Stefndi telji því að stefnandi hafi vanefnt samning aðila verulega og því lýsi stefndi yfir riftun hans. Niðurstaðan sé því sú að samningssamband aðila sé fallið niður og því muni stefndi ekki inna af hendi frekari greiðslur á grundvelli samnings aðila og hann sé reiðubúinn til að afhenda stefnanda kaupandlagið til baka.

Samkvæmt bókun stefnanda frá 12. apríl 2023 barst honum ekki bréf lögmanns stefnda frá 22. febrúar 2023 þar sem lýst er yfir riftun að hluta á umræddum kaupsamningi. Hann hafi fyrst séð bréfið þegar það hafi verið lagt fram ásamt greinargerð stefnda við fyrirtöku málsins 5. apríl 2023. Stefndi dregur því í efa að bréfið hafi verið sent honum. Yfirlýsing um riftun sé ákvöð sem taki ekki gildi fyrr en hún sé komin til vitundar móttakanda og hafi því fyrst getað haft réttaráhrif eftir framlagningu skjalsins 5. apríl 2023. Stefndi mótmælir jafnframt efni bréfsins og hafnar riftunaryfirlýsingunni.

II'

Helstu málsástæður stefnanda.

Stefndi segir að í gildi sé samningur á milli aðila þar sem kveðið sé á um að stefndi skuli greiða stefnanda 1.000.000 króna fyrsta hvers mánaðar í 24 mánuði frá gildistöku samningsins í júlí 2022. Stefndi hafi aðeins innt af hendi greiðslur í ágúst til nóvember 2022 en síðan ekki söguna meir. Stefndi byggir á því að þessi samningur sé í fullu gildi, hvorugur samningsaðila hafi rift samningnum og hann sé ekki fallinn niður af öðrum ástæðum. Stefnda beri því að efna samninginn og greiða stefnanda samkvæmt honum.

Stefndi kveðst ekki hafa fallist á vangaveltur stefnda um það að samningur aðila eigi að ganga til baka. Því sé samningurinn í fullu gildi og beri stefnda að efna hann. Þar sem hann hafi ekki gert það geri stefndi kröfu til þess að stefndi verði dæmdur til að greiða umkrafða fjárhæð. Þá sé ljóst að stefndi eigi rétt á frekari greiðslum samkvæmt samningnum en mál þetta taki til enda gildi hann í 24 mánuði.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra meginreglna samninga- og kröfuréttarins um efndir samninga og að kröfur skuli greiddar. Um heimild til framhaldssakar er byggt á 29. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála enda séu kröfur í framhaldsstefnu samkynja kröfum í stefnu, sbr. 1. mgr. 27. gr. laganna. Ekki hafi verið hægt að höfða framhaldssök fyrr en greiðslur hafi verið gjaldfallnar í hverjum mánuði. Um varnarþing er vísað til 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991, krafa um málskostnað er studd við XXI. kafla laganna, einkum 129. og 130. gr. og krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Krafa um dráttarvexti byggir á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

III

Helstu málsástæður stefnda.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi vanefnt samning aðila með verulegum hætti sem veiti stefnda rétt til beitingu vanefndaúrræða. Því er byggt á því að samningur aðila sé fallin niður sökum verulegra vanefnda stefnanda. Þá er enn fremur byggt á því, hvað sem öðru líður, að samningur aðila sé fallin niður vegna forsendubrests. Stefnandi eigi því engar kröfur á hendur stefnda.

Í samningi aðila sé að finna sérstakar forsendur og fyrirvara kaupanda og um sé að ræða atriði sem séu ákvörðunarástæður fyrir samningnum. Engum vafa sé undirorpið að þær forsendur hafi verið stefnanda kunnugar.

Í samningi aðila komi m.a. fram að stefnanda sé ekki kunnugt um að kröfur sem kunni að leiða til ágreinings séu líklegar til þess að koma fram á síðari stigum málsins. Nú liggi fyrir að stefnandi telji sig eiga skaðabótakröfu vegna kaupsamningsgerðarinnar og því séu allar forsendur brostnar. Þá komi fram í samningi aðila að stefnanda sé ekki kunnugt um nein atvik sem geti hugsanlega haft slæm áhrif á rekstur félagsins og afkomu í framtíðinni. Þá hafi upphlaup stefnanda og illt umtal sem og ásakanir stefnanda gert það að verkum að stefndi geti ekki lengur notast við vörumerkið Superform.

Þá vísar stefndi til þess að í sérstökum skilmálum kaupanda og seljanda komi fram að aðilar lýsi því yfir að þeir skuli gæta hagsmuna hvors annars og vörumerkja og annarra réttinda og tala jákvætt um viðskiptin og tala saman upp tækifæri og gæði Superforms og Sporthússins. Það sé hins vegar alveg ljóst að stefnandi hafi með grófum hætti brotið gegn þessum sérstöku skilmálum sem sé auðsýnilega verulegur forsendubrestur, grundvöllur riftunar, brot á meginreglum samningaréttar um gagnkvæma tillitsskyldu aðila í samningssambandi og annarra meginreglna samningaréttar.

Stefndi telur það einnig forsendubrest að stefnandi bjóði nú upp á námskeið, sem þjálfari, undir heitinu Superfit, sem sé í raun enskt samheiti yfir Superform.

Þá segir stefndi að almennar meginreglur kröfu- og samningaréttar veiti stefnda sjálfstæðan rétt til riftunar vegna hinna stórfelldu vanefnda stefnanda. Ósanngjarnt sé að

umræddum kaupum sé haldið upp á stefnda eins og atvik og gögn málsins beri með sér. Þá byggir stefndi enn fremur á meginreglum samningaréttar um skuldbindingargildi samninga en stefndi telji ljóst að stefnandi hafi með stórfelldum hætti vanefnt samning aðila. Því beri að fallast á að öll skilyrði riftunar (riftun að hluta) séu uppfyllt og sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda. Þá byggir stefndi á reglum lausafjárkaupalaga um vanefndir og riftun.

Stefndi byggir enn fremur á því að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna aðgerða og vanefndar stefnanda. Þannig hafi fallið á stefnda ófyrirséður kostnaður m.a. liggi fyrir að framganga stefnanda hafi orðið til þess að stefndi geti ekki notað vörumerkið Superform, sem hann hafi framleigt til Sportvalla ehf. en fyrir liggi að frá 2. janúar 2023 hafi námskeið verið auglýst með öðrum formerkjum. Hvað sem öðru líði ætti tjón stefnda að ganga til skuldajafnaðar við ætlaðar kröfur stefnanda ef svo ólíklega vildi til að á þær verði fallist. Um heimild til skuldajafnaðar er vísað til 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Loks byggir stefndi á meginreglum um sanngirni og góða viðskiptavenju. Þannig sé byggt á því að 36. gr. samningalaga eigi við um viðskipti aðila. Aðgerðir stefnanda hafi í raun leitt til þess að stefndi geti ekki notast við vörumerkið sem keypt hafi verið dýrum dómum af stefnda. Eins og atvikum sé háttað sé ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju af hálfu stefnanda að bera samning aðila fyrir sig. Í því sambandi sé vísað til þess að stefnandi sjálfur telji að samningur aðila fari í bága við III. kafla laga nr. 7/1936.

Varðandi varakröfu byggir stefnandi á sömu málsástæðum og varðandi aðalkröfu. Þá lýsir stefndi ex tuto yfir skuldajöfnuði vegna þess tjóns sem hefur fallið til vegna vanefnda stefnanda. Í versta falli ætti stefndi rétt til afsláttar vegna þeirra atvika málsins. Í rétti til afsláttar felist heimild til handa samningsaðila til þess að lækka eða draga úr eigin greiðslu í réttu hlutfalli við þá verðryrnun gagngreiðslunnar sem vanefnd viðsemjanda hefur í för með sér og er þannig í raun verið að leiðrétta samning. Enda liggi það meginsjónarmið til grundvallar afsláttarkröfu að kaupandi eigi ekki að greiða fyrir meira en hann hefur fengið.

Varðandi dráttarvexti byggir stefndi á því ex tuto, ef að einhverju leyti verði fallist á kröfur stefnanda, að skylda til greiðslu dráttarvaxta falli niður þegar greiðsla skuldar verður ekki innt af hendi af ástæðum sem varða kröfuhafann í þessu tilviki stefnanda, sbr. 7. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Í því tilviki sé ekki eingöngu átt við viðtökudrátt í hefðbundnum skilningi heldur einnig önnur atvik sem kröfuhafinn beri ábyrgð á t.d. þegar kaupandi beitir stöðvunarrétti með lögætum hætti. Stefnanda sé því ekki heimilt að krefja um greiðslu dráttarvaxta með þeim hætti sem hann geri í stefnu. Það teljist ekki vanefnd af hálfu kaupanda ef hann heldur með réttu eftir af kaupverði og innan þeirra marka sem vanefnd seljanda gaf honum tilefni til. Af

Því leiði að hann þurfi ekki að sæta vanefndaúrræðum af hálfu seljanda, hvorki greiðslu dráttarvaxta né annarra vanefndaúrræða. Í 42. gr. kaupalaga sé fjallað um rétt kaupanda til að halda eftir af kaupverði sökum vanefnda seljanda. Ákvæðið sé almennt orðað og eigi við um allar þær kröfur sem kaupandi öðlast í tilefni vanefnda seljanda. Stefndi telur því að stefnandi eigi ekki rétt á dráttarvöxtum fyrr en eftir uppkvaðningu dóms.

Um lagarök vísar stefndi til meginreglna samninga- og kröfuréttar m.a. að því er varðar skilyrði riftunar, brostinna forsenda, afsláttar og skaðabóta. Þá er sérstaklega byggt á meginreglum samningaréttar um skuldbindingargildi samninga og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þá er enn fremur byggt á skráðum og óskráðum meginreglum kaupa- og kröfuréttar um galla og afhendingardrátt og vanefndaúrræði vegna þeirra. Um skaðabætur er vísað til almennra reglna kröfuréttarins um skaðabætur af völdum réttarbrotu innan samninga og lausafjárkaupalaga. Um heimild til skuldajafnaðar er vísað til 1. mgr. 28. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafa um málskostnað er studd við 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun á lögum nr. 50/1988. Varðandi dráttarvaxtakröfu stefnanda er vísað til 7. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og 42. gr. lausafjárkaupalaga.

IV

Niðurstaða.

Í máli þessu hefur stefnandi uppi fjárkröfu á hendur stefnda á grundvelli kaupsamnings aðila um hlutafé í einkahlutafélagi ásamt fylgifé, sbr. framanritað. Stefndi krefst aðallega sýknu en til vara verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda.

Í málalíbúnaði stefnda og gögnum sem stafa frá honum er vikið að því að hinum umdeilda samningi aðila hafi verið rift og varðandi lagarök vísar stefndi m.a. til meginreglna samninga- og kröfuréttarins er varða skilyrði riftunar. Þá virðist stefndi m.a. líta svo á að í bréfi lögmanns stefnanda frá 14. nóvember 2022 felist yfirlýsing um riftun. Í þessu bréfi er hvergi minnst á riftun á samningi aðila en þar er aðallega fjallað um aðdraganda að gerð samningsins og hugsanleg brot stefnda í tengslum við það. Þá var því sérstaklega mótmælt í tölvupósti lögmanns stefnanda 2. desember 2023 að í fyrrgreindu bréfi hafi falist yfirlýsing um riftun og því sé samningssamband aðila ekki fallið niður. Ekkert er því fram komið í málinu sem bendir til þess að samningi aðila hafi verið rift af hálfu stefnanda. Lögmaður stefnda sendi stefnanda bréf dags. 22. febrúar 2023 sem er yfirlýsing um riftun að hluta á kaupsamningi frá júlí 2022. Stefndi hefur mótmælt því að hafa séð þetta bréf fyrr en það var lagt fram í dóminum 5. apríl 2023. Hvað sem því líður hefur stefnandi ekki fallist á riftun á samningi aðila og riftun hans hefur ekki verið staðfest með dómi. Stefndi höfðaði ekki gagnsök í málinu og hafði þar uppi kröfu um staðfestingu á riftun á samningi aðila. Í þessu máli verður því ekki fjallað

um það hvort skilyrði riftunar á hinum umdeilda samningi séu fyrir hendi. Samningur aðila, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, er því í fullu gildi. Með hliðsjón af þessu geta reglur um riftun eða réttaráhrif hennar ekki komið til skoðunar þegar komist verður að niðurstöðu í málinu.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi vanefnt samning aðila með verulegum hætti sem veiti stefnda rétt til beitingu vanefndaúrreða. Í gögnum málsins er aðeins að finna fullyrðingar stefnda um meintar vanefndir stefnanda án þess að því sé nánar lýst í hverju vanefndirnar felist hvað þá að fullyrðingar um vanefnd byggist á gögnum. Því eru engar forsendur til staðar til þess að fullyrða um vanefndir af hálfu stefnanda sem leitt geti til þess að greiðsluskylda stefnda hafi fallið niður.

Þá byggir stefndi á því að samningur aðila sé fallin niður sökum forsendubrests. Í samningi aðila sé að finna sérstakar forsendur og fyrirvara kaupanda og þar sé um að ræða atriði sem séu ákvörðunarástæður fyrir samningnum. Þar lýsi stefnandi því m.a. yfir að honum sé ekki kunnugt um að líklegt sé að fram komi kröfur sem kunna að leiða til ágreinings á síðari stigum. Nú liggi hins vegar fyrir að stefnandi telji sig eiga skaðabótakröfu vegna kaupsamningsgerðarinnar. Þá komi einnig fram í samningi aðila að stefnanda sé ekki kunnugt um nein atvik sem geti hugsanlega haft slæm áhrif á rekstur félagsins og afkomu í framtíðinni. Þá hafi upphlaup stefnanda og illt umtal sem og ásakanir hans hafi gert það að verkum að stefndi geti ekki lengur notast við vörumerkið Superform. Í bréfi lögmanns stefnanda dags. 14. nóvember 2022 kemur fram að áður en stefnandi taki ákvörðun um hvort hann krefji Sporthúsið og eftir atvikum fyrirsvarsmenn þess persónulega um skaðabætur vegna þess sem virðast stórfelld brot gegn réttindum hans samkvæmt lögum og reglugerð þ. á m. vegna hugsanlegrar misneytingar og/eða nauðungar vilji hann gefa Sporthúsinu tækifæri til að afhenda gögn og upplýsa um hvort farið hafi verið eftir reglugerð nr. 1009/2015. Þá var óskað eftir upplýsingum um með hvaða hætti gengið hafi verið úr skugga um að stefnandi hafi gerst sekur um þá háttsemi sem Sporthúsið hafi birt opinberlega upplýsingar um á Facebook.

Hvorki í fyrrgreindu bréfi lögmanns stefnanda né í öðrum gögnum málsins er að finna fullyrðingu stefnanda um að hann eigi skaðabótakröfu á hendur stefnda eða forsvaramönnum hans. Þá er ekki að finna meðal gagna málsins upplýsingar um upphlaup stefnanda, illt umtal hans eða ásakanir sem hafi gert það að verkum að stefndi geti ekki notað vörumerkið Superform. Ef stefndi telur að bréf lögmanns stefnanda frá 14. nóvember 2022 sé upphlaup er ekki fallist á það og bréfið eitt og sér getur ekki orðið til þess að fallist sé á að forsendur fyrir samningi aðila séu brostnar og því sé hann fallinn úr gildi.

Stefndi segir að í sérstökum skilmálum stefnanda og stefnda í hinum umdeilda kaupsamningi lýsi aðilar því yfir að þeir skuli gæta hagsmuna hvors annars og vörumerkja, annarra réttinda og tala jákvætt um viðskiptin og tala saman upp tækifæri

og gæði Superforms og Sporthússins. Í málinu er ekki að finna annað en fullyrðingar stefnda um að stefnandi hafi brotið gegn þessu ákvæði. Það getur ekki heldur orðið til þess að fallist sé á að forsendur fyrir samningi aðila séu brostnar og því sé hann fallinn úr gildi. Stefndi hefur heldur ekki fært rök fyrir því að stefnandi bjóði nú upp á námskeið undir heitinu Superfit og það sé forsendubrestur fyrir samningi aðila. Þar getur engu breytt þó stefnandi sé leiðbeinandi á námskeiði undir því heiti eins og fram kom hjá honum við aðalmeðferð málsins.

Stefndi fullyrðir að almennar reglur kröfu- og samningaréttar veiti stefnda sjálfstæðan rétt til riftunar á samningi aðila vegna stórfellda vanefnda stefnanda. Þá sé ósanngjarnt að umræddum kaupum sé haldið upp á stefnda. Í máli þessu er ekki til umfjöllunar krafa stefnda um riftun á samningi aðila, sbr. framanritað. Því getur fullyrðing hvað riftun varðar engu breytt um niðurstöðu þessa máls. Þá hefur stefndi ekki fært fram viðhlítandi rök fyrir því að það sé ósanngjarnt gagnvart honum af hálfu stefnanda að kaupnum sé haldið upp á stefnda. Þá hefur stefndi ekki heldur fært rök fyrir því að stefnandi hafi með stórfelldum hætti vanefnt samning aðila sem geti orðið til þess að fallist verði á kröfur stefnda.

Stefndi byggir einnig á því að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna aðgerða og vanefnda stefnanda. Það hafi fallið á stefnda ófyrirséður kostnaður m.a. vegna framgöngu stefnanda sem hafi orðið til þess að stefndi hafi ekki getað notað vörumerkið Superform. Tjóni stefnda ætti því að skuldajafna á móti kröfum stefnanda. Stefndi hefur enga grein gert fyrir því í hverju tjón hans felist vegna meintra vanefnda stefnanda. Þá hafa heldur engar fjárhæðir verið nefndar hvað þá rökstuddar í því sambandi. Því er útilokað fyrir dóminn að fjalla um kröfur stefnda sem á þessu byggja.

Stefndi segist enn fremur byggja á meginreglum um sanngirni og góða viðskiptavenju. Þannig byggir hann á því að 36. gr. samningalaga eigi við um viðskipti aðila. Aðgerðir stefnanda hafi leitt til þess að stefndi geti ekki notast við vörumerkið sem hann hafi keypt. Þá sé eins og atvikum málsins sé háttað ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju af hálfu stefnanda að bera samning aðila fyrir sig. Vísar stefndi til þess að stefnandi sjálfur telji að samningur aðila fari í bága við III. kafla laga nr. 7/1936. Stefndi hefur ekki fært rök fyrir þessum fullyrðingum sínum og ekki verður séð að stefnandi hafi fullyrt að samningur aðila fari gegn lögum nr. 7/1936. Því er ekkert hald í þessu af hálfu stefnda.

Stefndi byggir varakröfu um lækkun á fjárkröfum stefnanda á sömu sjónarmiðum og varðandi aðalkröfu, sbr. framanritað. Eins og fram er komið hefur ekki verið fallist á aðalkröfu stefnda um sýknu og því eru ekki heldur forsendur til að fallast á varakröfu hans sem byggir á sömu sjónarmiðum og aðalkrafa hans. Þá hefur stefndi engar fjárhæðir nefnt hvað þá fært rök fyrir þeim þannig að dóminum er útilokað að fjalla um lækkun á fjárkröfum stefnanda á grundvelli meinta fjárkrafna stefnda á hendur stefnanda.

Afsláttarkrafa stefnda getur því ekki komið til frekari umfjöllunar. Þá hefur stefndi engin rök fært fyrir fullyrðingum sínum um að hann hafi orðið fyrir tjóni af völdum stefnanda eins og fram er komið.

Með vísan til framanritaðs verður ekki fallist á aðalkröfu stefnda um sýknu og ekki heldur á varakröfu hans um lækkun á fjárkröfu stefnanda.

Umdeildum kaupsamningi aðila hefur ekki verið rift og hann er ekki fallinn úr gildi af öðrum ástæðum. Samningurinn er því í gildi eins og rakið hefur verið. Fjárkröfur stefnanda byggja á kaupsamningi aðila og ekkert er fram komið í málinu sem orðið getur til þess að ekki verði fallist á þær. Ekkert hald er í mótbárum stefnda við kröfu stefnanda um dráttarvexti.

Með vísan til alls ofanritaðs skal stefndi greiða stefnanda 6.000.000 króna, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. mgr. laga nr. 38/2011 um vexti og verðtryggingu, af 1.000.000 króna frá 1. til 31. desember 2022, af 2.000.000 króna frá 1. til 31. janúar 2023, af 3.000.000 króna frá 1. til 28. febrúar 2023, af 4.000.000 króna frá 1. til 31. mars 2023, af 5.000.000 króna frá 1. til 30. apríl 2023 og af 6.000.000 króna frá 1. maí 2023 til greiðsludags.

Með hliðsjón af úrslitum málsins skal stefndi greiða stefnanda 1.200.000 krónur í málskostnað, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af hálfu stefnanda flutti málið Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður en af hálfu stefnda Jón Þór Ólason lögmaður.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Þjón-ar ehf., greiði stefnanda, Sævari Inga Borgarssyni, 6.000.000 króna, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. mgr. laga nr. 38/2011 um vexti og verðtryggingu, af 1.000.000 króna frá 1. til 31. desember 2022, af 2.000.000 króna frá 1. til 31. janúar 2023, af 3.000.000 króna frá 1. til 28. febrúar 2023, af 4.000.000 króna frá 1. til 31. mars 2023, af 5.000.000 króna frá 1. til 30. apríl 2023 og af 6.000.000 króna frá 1. maí 2023 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.200.000 krónur í málskostnað.

Ingi Tryggvason